

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Bláskógabyggð.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur sveitarstjórn Bláskógabyggðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag, Svartiskógur sveitaspá, Tjörn.

Deiliskipulagið tekur til 14,5 ha landsvæðis sem er hluti af jörðinni Tjörn, landnr. 167174, þar sem heimilað er að byggja 8-10 smáhýsi með setlaug allt að 50 m² og 3-6 „svítur“ allt að 70 m² hver. Heimilað er að reisa meðferðarhús, allt að 100 m² og móttöku- og þjónustuhús allt að 300 m². Einnig er gert ráð fyrir litlum starfsmannaíbúðum allt að 50 m² hvert hús.

Samþykkt í sveitarstjórn 12. september 2018.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Laugarvatni, 13. september 2018.

Skipulags- og byggingarfulltrúi uppsveita bs.,

Rúnar Guðmundsson.

B-deild – Útgáfud.: 21. september 2018